



Landssamband lögreglumanna

Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Pósthólf 5006 • Sími 562 4411 • Fax 562 5011

Alþingi
Erindi nr. P 122/1056

komudagur 9.3.'98

Reykjavík 6. mars 1998.

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til lögreglulaga 442. mál, samstarf lögregluliða, valnefnd Lögregluskólans o.fl.

Um leið og við þökkum fyrirspurn yðar viljum við koma eftirfarandi á framfæri.

Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna telur greinar 1, 2, 3, og 5 eðlilegar en 4. grein með öllu óásættanlega og leggur til að greinin verði felld burt. Málinu til stuðnings er hjálagt bréf frá Gylfa Thorlacius hrl, þar sem nákvæmari skýringar koma fram.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssambands lögreglumanna,

Sjöfn Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Hjál.: Bréf Gylfa Thorlacius frá 3. mars 1998.



Reykjavík, 3. mars 1998

Landssamband lögreglumanna
Jónas Magnússon
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

Varðar: Athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögreglulögum.

Hef yfirfarið frumvarpið skv. beiðni LL og leyfi mér að benda á eftirfarandi atriði sem rétt er að gera athugasemdir við.

Ríkislögreglustjóri fari með skipunarvald lögreglumanna.

Í 2. tölulið 4. gr. frumvarpsins kemur fram að ríkislögreglustjóri skuli skipa aðra lögreglumenn en yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Þetta fyrirkomulag felur í sér breytingu frá því sem nú er, en lögreglumenn eru í dag allir skipaðir af ráðherra.

Þetta ákvæði fær ekki staðist að mínu mati þar sem það felur í sér brot gegn nokkrum grundvallarreglum stjórnsýsluréttar.

1. Skv. 2. mgr. b liðar 5. greinar lögreglulaga nr. 90/1996 er það hlutverk ríkislögreglustjóra að rannsaka kærur á hendur lögreglumönnum um brot í opinberu starfi.
2. Skv. 26. grein laga 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna veitir það stjórnvald sem skipar í embætti, einnig lausn frá því embætti um stundarsakir.

Nái frumvarpið fram að ganga er komin upp sú staða að ríkislögreglustjóri veitir bæði lausn frá embætti um stundarsakir vegna ætlaðra brota í starfi, tekur þar með afstöðu til hins ætlaða brots og sér um rannsókn málsins.

Þetta fyrirkomulag felur í sér brot gegn grundvallarreglum stjórnsýsluréttar og réttarfars sem koma eiga í veg fyrir að sami aðili taki ákvörðun og annist rannsókn í máli.

Ekki verður betur séð en embætti ríkislögreglustjóra yrði talið vanhæft til rannsóknar á meintum brotum lögreglumanna í starfi skv. 5. gr. lögreglulaga vegna þeirrar afstöðu sem tekin hefur verið við veitingu lausnar um stundarsakir skv. 26. gr. laga 70/1996 ef af breytingunum verður.

Einnig verður að hafa í huga að skv. 27. gr. laga 70/1996 hefur embættismaður sem vikið hefur verið úr starfi um stundarsakir ávallt þann rétt að vísa máli til rannsóknar að hætti opinberra mála. Þessi réttur lögreglumanns félli í raun brott þar sem embætti ríkislögreglustjóra gæti ekki framkvæmt hlutlausu rannsókn á málinu þar sem þegar hefði verið tekin afstaða til málsins með því að veita lausn um stundarsakir.

Þá verður ekki séð hvaða rök liggja að baki því fyrirkomulagi að ráðherra skuli skipa yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna en ríkislögreglustjóri alla aðra

lögreglumenn. Eðlilegast verður að telja að haldið verði óbreyttu því fyrirkomulagi að ráðherra skipi alla lögreglumenn í embætti sín.

Heimild til að víkja frá ákvæðum laga um skipun lögreglumanna í embætti.

Með 3. tölulið 4. greinar frumvarpsins er dómsmálaráðherra heimilað að veita lögreglustjóra leyfi til að setja mann tímabundið til lögreglustarfa þótt hann uppfylli ekki skilyrði laganna um að hafa lokið prófi frá lögregluskólanum, án þess að staðan sé auglýst.

Þetta ákvæði er í andstöðu við það sem segir í 23. gr. laga 70/1996 um að embættismenn skuli skipa. Í 24. grein laga 70/1996 er hins vegar heimild sem fullnægja ætti þeim tilfellum sem upp koma vegna forfalla en þar segir "*Nú fellur maður frá sem skipaður hefur verið í embætti eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum og getur þá það stjórnvald sem veitir embættið sett annan mann til að gegna því um stundarsakir*".

Þá er nú þegar í 4. mgr. 28. greinar heimild til að ráða lögreglumann tímabundið vegna forfalla, en gerð sú krafa að staðan hafi verið auglýst og ekki fengist maður með próf úr lögregluskólanum.

Ekki verður séð hvers vegna þörf er á sérstöku ákvæði sem heimilar ráðherra að veita lögreglustjóra frekari undanþágur frá reglunni um að menn skuli skipa til lögreglustarfa, og nú án þess að staðan sé auglýst með venjulegum hætti.

Slík breyting er í andstöðu við það átak sem gert hefur verið í því að koma skipunarmálum lögreglumanna á hreint og í andstöðu við þá áherslu sem lögð hefur verið á að aðeins menn sem lokið hafa námi í lögregluskólanum starfi sem lögreglumenn.

Þá verður einnig að benda á að lítið samræmi er í því að ríkislögreglustjóri skipi menn í embætti en dómsmálaráðherra veiti leyfi til þess að menn séu settir í embætti tímabundið.

Aðrar breytingar á lögreglulögum.

Þar sem fyrir liggur að einhverjar breytingar verða gerðar á lögum um lögreglumenn er ekki úr vegi að benda á að viss ósamræmis gætir í lögunum þar sem víða er talað um lögreglumenn og starf þeirra. Í 22. gr. laga 70/1996 kemur fram að lögreglumenn eru embættismenn og því væri nærri lagi að tala um embætti lögreglumanns í lögum 90/1996.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að starf lögreglumanns felur í sér mikla ábyrgð og það er þeirra hlutverk að halda upp lögum og reglu og tryggja öryggi hins almenna borgara. Því verður að telja að eðlilegra væri að lögreglumenn fengju ótímabundna skipun í embætti þar sem þau sjónarmið sem búa að baki hinni tímabundnu skipun annarra embættismanna eiga ekki við um lögreglumenn.

Virðingartyllst.


Gylfi Thorlacius hrl.